



# Flugslysaæfing Hornafjarðarflugvelli Maí 2024 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn á Suðurlandi  
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

## Efnisyfirlit

1	Inngangur og markmið .....	2
1.1	Markmið .....	2
2	Undirbúningur og framkvæmd.....	3
2.1	Fimmtudagur 9. maí .....	3
2.2	Föstudagur 10. maí.....	3
2.3	Laugardagur 11. maí.....	4
2.4	Æfingastjórn .....	4
2.5	Ráðgjafar .....	4
2.6	Þátttaka .....	5
2.7	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd .....	5
2.8	Veður .....	6
2.9	Vettvangur.....	6
3	Rýni.....	7
3.1	Vettvangsæfing – Rýnifundur .....	7
3.2	Vettvangsrýni ráðgjafa .....	13
3.2.1	Umsjón leikara – Rýni meðal leikara eða umsögn ráðgjafa .....	17
3.3	Rafræn rýni – allir þátttakendur .....	18
3.3.1	Hverjir tóku þátt í rýni .....	18
3.3.2	Það sem vel var gert .....	18
3.3.3	Það sem betur hefði mátt fara .....	19
3.3.4	Annað sem tekið var fram í rýni .....	21
4	Helstu lærdómsatriði og umbótatækifæri.....	23
4.1	Styrkur .....	23
4.2	Umbótatækifæri .....	23
5	Myndir frá æfingunni.....	25

# 1 Inngangur og markmið

Það hafa verið miklar áskoranir hjá viðbragðsaðilum á Suðurlandi síðustu misseri, stór og alvarleg slys hafa orðið sem fallið hafa í hendur á sömu viðbragðsaðilum trekk í trekk. Samvinna og samheldni hefur byggst upp við krefjandi aðstæður og aðilar þekkjast orðið vel. Æfingin var því góð tilbreyting að mati viðbragðsaðila, að geta komið saman, leyft sér að rýna og yfirfara ferla, hitt ráðgjafa og spegla hugmyndir ásamt því að prófa atriði sem ekki vinnst tími til að gera við raunaðstæður.

Fjarskipti voru krefjandi, of mikið var á einum talhóp. Talhópaskipulaginu var síðar skipt upp en ekki út frá því fjarskiptaskipulagi sem gildir fyrir landið og er ástæða til að skoða það frekar.

Æfingin reyndi einnig á áhöfn Samhæfingarstöðvarinnar í Skógarhlíð en sama dag voru keyrðar tvær hópslysaæfingar, rútuslys á Blönduósi og flugslys á Hornafjarðarflugvelli sem reyndi á aðila að skilja vel á milli atvika, forgangsraða og deila landsdekkandi björgum.

Samvinna var til fyrirmyndar og áhugi og metnaður hjá aðilum sem tóku þátt til eftirbreytni.

Með þökk fyrir allt samstarf í tengslum við æfinguna.

F.h. æfingastjórnar

Elva Tryggvadóttir

## 1.1 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar. Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar á flugvöllum og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi. Æfingarnar eru því á vegum Isavia og almannavarna.

Aðalmarkmið æfinganna eru tvenn.

- Að fræða viðbragðsaðila um þau málefni er tengjast flugslysum og efla þá í sínum hlutverkum sem tengjast hópslysaáætlunum.
- Að æfa flugslysaáætlun flugvallarins, samvinnu milli viðbragðsaðila og það vinnulag og ferla sem tilgreindir eru í flugslysaáætluninni.

## 2 Undirbúningur og framkvæmd

Undirbúningur hófst í nóvember síðastliðnum þegar dagsetning var fundin fyrir æfinguna.

### Aðdragandi æfingar

Í aðdragandi æfingar var boðið uppá rafræna fjarfræðslu sem var vel sótt af öllum viðbragðsaðilum. Annars vegar var boðið uppá sértæka fræðslu fyrir slökkvilið og síðan fræðslu sem hentaði öllum aðilum og var óskað eftir í undirbúningi æfingar.

### *Priðjudagur 23. apríl og miðvikudagur 24. apríl*

**Uppbygging flugvéla fyrir slökkvilið – Fjarfræðsla** *Isavia*

**Flugslysavettvangur, aðkoma, eldar o.fl. fyrir slökkvilið - Fjarfræðsla** *Isavia*

### *Priðjudagur 7. maí*

FJARFRÆÐSLA fyrir ALLAR viðbragðseiningar

<b>Umgengni við þyrlur</b>	<i>LHG</i>
<b>SÁBF Stjórnkerfið</b> - Verkaskipting, verkþáttastjórar, SST, AST og VST	<i>AVD</i>
<b>Flæði slasaðra</b>	<i>LSH</i>
<b>Sálrænn stuðningur</b> – Kynning og helstu áherslur	<i>RKÍ</i>
<b>Fjarskipti, notkun og virkni</b>	<i>112</i>

### 2.1 Fimmtudagur 9. maí

#### **Ráðgjafar flestir að koma eða komnir á svæðið**

- Ráðgjafar að sinna sínum einingum, fræðsla, ráðgjöf
- Uppsetning vettvangs

**Boðunarprófun** var framkvæmd af 112 – Allir á boðunarlista v. flugslyss á Hornafjarðarflugvelli.

**Setning æfingar** – Nýheimar - Allir þátttakendur

#### **Dagskrá:**

- Setning
- Praktísk atriði í tengslum við æfinguna
- Flugslysaáætlun fyrir Hornafjörð og endurbætur
- Umgengni um slysavettvang
- Rannsókn flugslysa og verndun gagna
- Flæði slasaðra, frá slysstað að sjúkrahúsi
- Almenn um skipulag í hópslysum (SÁBF)
  - Hverjir eru hvar og helstu hlutverk
  - SST, AST, VST
  - Verkþáttastjórar - Hvað hefur reynslan kennt okkur?

### 2.2 Föstudagur 10. maí

#### **Stöðufundur ráðgjafa** – Flugvöllur

- Ráðgjafar að sinna sínum einingum, fræðsla, ráðgjöf.
- Uppsetning vettvangs.

**Skrifborðsæfing** kl. 16:15-18:00 – Nýheimar – Stjórnendur og verkþáttastjórar

- Þeir sem taka þátt; aðgerðastjórn\*, vettvangsstjórn og verkþáttastjórar.
- Aðrir áhugasamir geta fylgst með æfingunni.
- \*Aðgerðastjórn var staðsett Selfossi.

## 2.3 Laugardagur 11. maí

**Förðun leikara** hófst kl. 8:00 í Nýheimum. Um 27 aðilar höfðu skráð sig sem leikara en óvenjustór afföll voru og mættu 18 leikarar. Einnig voru nýttar brúður sem sjúklingar til þess að auka fjölda þolenda í slysinu.

**Fluglysæfing** hófst kl. 11:15 – Allir þátttakendur

Að lokinni æfingu ganga starfseiningar frá búnaði og stjórnendur/verkþáttastjórar taka saman punkta fyrir rýnifund.

**Rýnifundur og matur** um kl. 15:00 fyrir alla þátttakendur - Nýheimar

- |                                |                   |
|--------------------------------|-------------------|
| 1. Almennt um/stóra myndin     | Æfingastjóri      |
| 2. Flugturn/flugvallarþjónusta | Isavia            |
| 3. Leit og björgun             | Björgunarstjóri   |
| 4. Lokanir/umferð/talning      | Gæslustjóri       |
| 5. Söfnunarsvæði slasaðra      | Aðhlyningarstjóri |
| 6. Móttaka og flutningur       | Flutningastjóri   |
| 7. Vettvangsstjórn             | Vettvangsstjóri   |
| 8. Aðgerðarstjórn              | Aðgerðarstjóri    |
| 9. Samhæfingarstöðin           | Fulltrúi SST      |
| 10. Aðstandendur/fjöldahjálp   | Rauði krossinn    |
| 11. Umsögn ráðgjafa            | Ráðgjafar         |
| 12. Umræður                    | Orðið laust       |
| 13. Næstu skref                | Isavia            |
| 14. Æfingu slitið              |                   |

## 2.4 Æfingastjórn

Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá Isavia, fulltrúum almannavarna ríkisins og lögregluþvöldum á svæðinu.

Æfingastjóri	Elva Tryggvadóttir	Isavia
Æfingastjórn	Þórný Þórðardóttir	Almannavarnir
Æfingastjórn	Björn Ingi Jónsson	Lögreglan á Suðurlandi

## 2.5 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Grétar Karlsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Aðalbjörn Tryggvason	Isavia – Vettvangur/stjórnandi
Ráðgjafi	Ólafur Jónsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Björgvin Rúnar Þorvaldsson	Isavia – Umsjón gesta
Ráðgjafi	Þorlákur Snær Helgason	Isavia – Slökkvifræðsla

Ráðgjafi	Magnús Ársælsson	Isavia – Eldfugl
Ráðgjafi	Vigdís Björk Agnarsdóttir	Isavia – Umsjón leikara
Ráðgjafi	Andri Snær Ásmundsson	Almannavarnir
Ráðgjafi	Áslaug E. Yngvadóttir	Rauði Kross Íslands
Ráðgjafi	Friðjón V. Pálmason	Lögreglan á Suðurlandi
Ráðgjafi	Sigrún Guðný Pétursdóttir	Landspítali
Ráðgjafi	Þorgerður Anja Snæbjörnsdóttir	Landspítali
Ráðgjafi	Guðbrandur Örn Arnarsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Steingrímur Jónsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Helgi Reynisson	Neyðarlínan - Tetra

## 2.6 Þátttaka

Heildarfjöldi þátttakenda á verklegu æfingunni. Athugið að um áætlaðar tölur eru frá einingum enda ekki talið á æfingunni sjálfri þó reynt sé að fylgja eftir ca. mætingu.

Þátttaka í flugslysæfingu laugardaginn 11. maí 2024	
	Fjöldi fólks
Samhæfingarstöðin	9
AST Selfossi	8
Rannsóknanevnd samgönguslysa	0
Landhelgisgæslan (þyrla)	4
Isavia	2
Flugrekstrar og afgreiðsluaðilar (Ernir)	2
Lögreglan á Suðurlandi	6
Slökkvilið Hornafjarðar	10
Heilbrigðisstofnun Suðurlands HSU	6
Sjúkraflutningar Hornafirði	8
Björgunarfélag Hornafjarðar	10
Björgunarskipið Ingunn	0
Slysavarnadeildin Framtíð	3
Björgunarsveitin Kyndill Kirkjubæjarklaustri	
Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 15	3
Rauði krossinn á Íslandi	5
Björn Lóðs	0
LSH (greiningasveit)	7
Björgunarsveitin Kári í Öræfum	2
Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 13	0
Sóknarprestur Höfn	0
<b>Alls þátttakendur</b>	<b>68</b>
Gestir	13
Leikarar	18
Ráðgjafar	15
<b>Alls á vettvangi</b>	<b>114</b>
ALLS (m/ SST og AST)	Heildarþátttakendur
<b>Allir</b>	<b>131</b>

## 2.7 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

### Hættustig

FNM03 Jetstream 32 frá flugfélaginu **Fly No More** sem er að koma frá Reykjavík tilkynnir um bilun í hjólabúnaði, sjá að dekk fara ekki niður. Eru að skoða hvort þeir ætla að reyna að lenda,

- Eru í um 10 mín. fjarlægð.
- Eru í aðflugi að brautarenda 36.

- Pax 17
- Flugvallarstarfsmaður virkjar Hættustig.

### Neyðarstig

FNM03 magalendir á brautarenda 36 og rennur áfram út brautina og rekst þar á Einkavél TF-HYP (pax 2) sem var að fara út af brautinni). Báðar vélar renna út af brautarenda 18.

- Eldar loga
- Eldsneyti um borð?
- Pax 2 í TF HYP (cessna)
- Flugvallarstarfsmaður virkjar Neyðarstig

### 2.8 Veður

Veðurspáin var ekkert sérstök fyrir daginn en þegar koma að þessu var Friðrik Jónas á Höfn búinn að lofa góðu æfingaveðri sem gekk eftir og var hæglætisveður.

### 2.9 Vettvangur

Vettvangur var út af brautarenda 18, yfir girðingu og út að ánni. Á nokkrum stöðum höfðu farþegar dreifst en einnig voru bæði verkefni þar sem klippa þurfti þolendur úr flökum og eins að slökkva elda.

Flutningur var því ágætlega dreifður en ekki um of. Allir þolendur voru fluttir á söfnunarsvæði slasaðra í flugstöðinni.



### 3 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga. Rýnin er með tvennum hætti, annars vegar eru teknir rýnipunktur í kjölfar æfingar þar sem helstu verkþáttastjórar og ráðgjafar fara stuttlega yfir sína punkta. Í framhaldinu fá allir þátttakendur hlekk á rafræna rýni. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram. Rafræn rýni er tekin saman í lokaskýrslu æfingar og geta viðbragðsaðilar þá nýtt skýrsluna til eflingar styrkleika eða umbóta þar sem við á.



#### 3.1 Vettvangsæfing – Rýnifundur

Þátttakendur æfingarinnar komu saman að lokinni æfingu í Nýheimum þar sem beið þeirra eðal kjúklingasúpa og brauð sem Slysavarnardeildin á Höfn hafði galdrað fram. Samhliða var rýnifundur þar sem stjórnendur æfingar og verkþáttastjórar tóku saman stutta samantekt fyrir sína verkþætti.

##### Samantekt frá rýnifundi

Æfingastjóri þakkaði fyrir góða æfingu fyrir hönd æfingastjórnar og kynnti síðan inn verkþáttastjórana einn af öðrum.

##### Isavia Turn Claudia

- Erfitt að vera ein að sjá um turninn, hlaupa út og gefa góða yfirsýn af slysstað. Þegar ekki er laus hendi til að halda á talstöðinni.
- Ráðgjafi, kerra Isavia kom á vettvang en síðan óskaði SSS eftir kerrunni og hún notuð þar.
- Kerran frá RKÍ var læst og ekki búnaður annar og því kallað í kerruna til að fá það.
- Svo kom RKÍ kerran og þá þurfti ekki að taka úr Isavia kerrunni inná SSS.
- Mikið að gera í turni, móttaka og boða, boðun á neyðarstig, einhver móttækur (sem var ekki neyðarlína) og sms kom því ekki á aðila. Turn var því í góðri trú að boðun hefði farið út en var því miður ekki á boðunartalhöpnum heldur kominn inná bláa bandið.
- Fjarskipti á leiðinni á vettvang krefjandi, ná ekki að vera að skipt á milli rása, huga að bæði fjarskiptum og mónitor.



## Björgunarstjóri

- Heilt yfir gekk þetta þokkalega, fannst skortur á flutningi áskorun.
- Fjarskipti erfið, fyrst kaótík, misstu sjónar á bráðaflokkun. Var aðstoðarmaður Sölva, einn björgunarstjóri ræður ekki við allt, elda, bráðaflokkun, Ósk kom til þeirra og náði yfirsýn yfir bráðaflokkunina
- Fjarskiptin voru í þvælu.
- Dreifa okkur mögulega á fleiri talhópa? Þurftu að geta stjórnað aðilum á slysstaðnum.
- Þegar yfirsýn var komin, tölur á reiki, allt í lagi með það, helsti flöskuhálssinn að koma sjúklingum í burtu.
- Óskuðu ekki eftir kerrunni strax, gleymdist, vantaði bakbretti, sjúkrabílar tepptir upp frá.
- Erfitt að koma ekki fólkinu í burtu. Hefðu getað notað bíla, kerrur og dót. Hefðu mátt hugsa út fyrir boxið í því.
- Þörf æfing.
- Slökkviliðið hefði þurft að fara inná annan hóp, fóru meira að tala á milli sín en í stöðvar en þá missa þeir yfirsýn, tók lengri tíma að slökkva elda.
- Eru að læra á nýja bílinn, mjög öflugt kerfið.
- Vantaði bakbretti, allir bílar tepptir í affermingu.
- Ef kerran strax þá hefðu þeir nýtt hana betur, og verið tilbúnir að ná aðilum og safna saman.
- Talningin, óskuðum eftir fjölda í vélunum. Skiptir ekki máli hverjir, vilja bara töluna sirka.
- Varðstjórar á 8.0.
- Áætlun 8.1 er slysavettvangur
- Forgangur á börnum. Aðilar sem þurfti að klippa.

## Ráðgjafi björgunarstjóra

- Áttuðu sig á kerrunni, björgunarstjóri, spenningur keyrðu fram hjá honum og þurfti að stoppa aðila
- Björgunarstjóri mikið á ferðinni, ráðgjafi var móður á eftir honum, var að koma verkefnum út og á aðra, betra að hann sé staðsettur þar sem bjargir geta gengið að honum og fá aðra til að hlaupa fyrir sig.
- Taka æfingu uppá flugvelli, mikið til af búnaði, æfa saman og nýta búnað.
- Tryggja öryggi, fólk að segja „ég er góður“, öryggið var ekki nóg, verða að taka tilsögn.
- Unnu vel saman.

## Gæslustjóri

- Fínt, ekki allir heyrt, VST það fara allir á sína talhópa, og þá var hún ein þar, fór þangað.
- Gekk fínt.
- Smá ruglingur á talningu.
- Bara telja þegar inn um hurðina ekki þá sem eru í bílum fyrir utan húsið.

## Ráðgjafi gæslustjóra

- lokanir mjög skýrar og fyrstu viðbrögð flott. Hún tók strax ákvörðun að átta sig betur á slysstað, fór þangað, skoðaði yfir og gat svo átta sig á hvar hún átti að setja upp hlutverk.
- Yfirsýn og færði síðan aftur í flugtöð, í talningu.
- Tölurnar, gerist, bættist í og úr.

- Mjög flott.
- Engin lokun á veginum niður að flugstöð, þykjustulokun, enginn festur í lokun.
- Farþegalisti, það um það frá VST hitti svo mann í hliðinu og sagði að hann var með hann í vasanum.
- Á listanum vantaði áhöfnina. Smá rugl í upphafi.
- Gleymdi að láta vita að taka áhöfnina.
- Hvað margir að fara, listinn frá öðrum, hvað eru margir að koma, 2 flugmenn.
- Flugplan fyrir hana. 1 flugstjóri.

### Vettvangsstjórn

- Pirraður mjög fljótlega, vettvangsstjórnin, var búinn að æfa VST og AST, hugsa þetta eins og þetta er þegar þeir fara í alvöru slys, voru á 8.1 og aðgerðastjórn.
- Aðallega fjarskiptin sem honum fannst skrítn.
- Týndir til að byrja með, allir slökkviliðs hjá honum á talhóp, voru að starta og stofna málið í aðgerðagrunni.
- Fá hópana til að fara inn á sína talhópa. Síðan þegar blótið var búið þá skiptu þeir stöðunum.
- Ástrós sá um allar skráningar fyrir þau, koma sterkt inn hún og Sölvi.
- Farþegalistinn gekk illa að fá listann, Claudia fór og hrindi í Erni til að fá listann til þeirra. Fékk aldrei samband við flugrekandann.
- Síðan listinn útprentaður og þeir með hann í höndunum, tók mynd og sendi inn í málið.
- Vistaður þar í tölvunni.
- Gekk nokkuð smurt þegar að talhóparnir voru farnir að átta sig á þessu, voru að berjast við 25 svo allt í einu 27 en svo aftur færri.
- Með 2 svörtum orðið, lykilstaða, telja inn, hann er með töluna.
- Ernir tala við þá.
- Heyrðist illa í fjarskiptum, talaði alltaf í botninn á talstöðinni hljóðneminn er uppi.
- Allir á sína talhópa náði ekki í gegn.
- Erfitt að fá efni frá SST, verið að boða flugvél á annan stað.
- Stoltur af öllum og slökkvurum sem er verið að þjálfa á nýja bílinn, hafa varla sofið.

### Ráðgjafi vettvangsstjórnar

- Allt komið fram. Heilt yfir ganga fínt í turninum, Claudia í turninum frá Isavia og Ástrós rúllaði vel og svo einn frá svæðisstjórn. Tók tíma að opna flugbrautina, starfsmaður Isavia þarf að gera það.

### Aðgerðastjórn

- Víðir hjá almannavörnum þar, of margar aðgerðir stofnaðar, 4 aðgerðir stofnaðar, of mikið til að fylgjast með öllu.
- Einfalda þarf fjarskiptaskipulag.
- Aðstaðan í AST hana þarf að bæta.

## Samhæfingarstöð - SST

- Farþegalistinn skilaði sér seint til þeirra, áskorun að vera með tvö slys í gangi í einu.
- Báðir voru að nota SST blár ætluðum að nota SST b en það var ekki komið hjá öllum.
- Myndi breyta miklu.
- Ekki yfirálag á tetrasendinum.

## Flutningastjóri

- Finnur, mestu leiti fannst honum þetta ganga þokkalega, í byrjun að koma björgum á staðinn, vandamálið byrjaði þegar að sjúklingar fóru að berast yfir á SSS, þar var flöskuháls. Um tíma voru 4 af 5 flutningstækjum föst þar.
- Erfitt að koma fólki þar á milli.

## Ráðgjafi flutningastjóra

- tvö hlið opin á flughlaðinu, eiga að koma inn á biðsvæði bjarga, MÓT.
- Aðilar fóru inná svæðið áður en björgunarstjóri gaf út að svæðið væri tryggt.
- Tvö hlið opin, og brjáláð að gera að halda utan um það sem er komið.
- Gekk mjög vel hjá honum, það sem hann hafði reyndi að leysa úr, annað gat hann ekki leyst, flutningsgeta er ákveðin og þarf að kyngja því. Annars gekk þetta bara fínt.
- Settar upp keilur til að búa til hringakstur við stöðina.

## Aðhlyningarstjóri

- Aðstoðarmaður Jónasar, fór í útkall. Tók þátt síðast sem björgunarsveitaaðili, en núna á sjúkrabíl. Rosalega mikið kaos síðast, núna fór enginn inn fyrir en hann kæmist beint í áverkamat, þess vegna stoppaði aðeins fyrir utan, en það hefði ekki hjálpað að færa kaosina inn.
- Vantaði bíla.
- Hugsa um ef sjúkraflutningamenn að fylgja, ef 1 aðili með gætu þeir jafnvel hugað að áverkamati út í bíl.
- Talningin, voru alltaf að ítreka, bara telja þá sem eru komnir inn.
- Gulur rauður og grænn í hinum endanum og týndust þínu, síðan opnuðu þau afgreiðsluna og þá var meiri sýn á þetta allt.

## Ráðgjafi aðhlyningarstjóra

- Voru með aðila sem voru að skrifa og halda utan um, virkaði og virkaði ekki.
- Það sem klikkaði var það að greiningarteymið sem kom inn, voru ekki að útskýra nóg fyrir þeim hver væri með hvaða hlutverk.
- Hafa einn sem er með meira kontakt, til að halda yfirsýn, þarf að vera einn og hann er með einhverja menntun á bak við sig, hjúkrun eða læknir, þó þau voru tvö þá höfðu þau ekki yfirsýn yfir alla sjúklinga.
- Spurning hefði átt að vera tjald.
- Hvað þá ef þyrlan kemur.
- Var hægt að safna fólki saman á staðnum.
- Nýta aðila í áverkamat úti, þau mögulega geta sent inn.

- Flöskuháls alltaf í áverkamati, mismunandi lausnir og misgóðar.
- Ekki gott að vera úti, koma inn í afgreiðslu, bakatil, opna þar, fólk í bið, það er græna svæðið.
- Fjölga borðum í áverkamat
- Þarf að vera mjög skýrt, hvernig talið inn, síðan hvernig er talið út og afrifur.
- Bráðaflokkun, hrósa þeim, flokkun tekur tíma, en þarna var ekki hægt að komast að hvar sem er, lokað rými, tveir klippivettvangar, mjög dreifðir sjúklingar, en þau héldu taktinum nokkuð vel og héldu áfram. Þau voru að reyna að opna hvenær komur bráðaflokkunartölur, en það var ekki skráð.
- Sumir yfirflokkaðir, sjúklingar með áverka, segja við fólk; stattu upp, gakkstu af stað, þarf að vera ákveðinn, ekki hægt að bera alla.
- Þegar vantaði börur, leyfði hún þeim að ganga á vettvangi.
- Hefðu viljað hafa rautt á leikara en gult á dúkkunni en ekki öfugt. Eða bæði gul.
- Söfnunarsvæðið. Grænu gleymdust, voru að hlaupa til að ná í dót, erfitt að hafa yfirsýn þegar maður sér ekki hópinn, setja frekar áverkamat og síðan alla í salinn, þá grænu þar.
- Fræðilega, besta útfærslan að hafa góðan heilbrigðisstarfsmann til að skanna liðið.
- Grænir vel vakandi, erfitt að horfa á þá sem eru allir í blóði.
- Tryggjum andlegt öryggi að halda þeim sér en ef illa mönnum þá er þetta lausn en hugsu kosti og galla. Þess vegna þarf stjórnandinn að hafa aðila.
- Á græna svæðinu, vilt ekki missa af þeim, geta verið með áverka og þurfa sérhæfða aðstoð, sumir þurfa til augnlæknis, etc.
- Voru með opin beinbrot, lamaður f. neðan mitti, hafa kontakt við hin svæðin.
- Mikil aksjón hinum megin.
- Stærstu vélar, max með 20 sjúklinga.
- Meðan allir að koma inn, Elín Freyja, hafa þröng og sjá alla en hafa hina hinum megin.
- Hamra á AST að losna við þessa.

## Rauði krossinn

- Eyrún og Sigrún, samskipti fyrir RKÍ.
- Tekur með sér að tetra ekki þörf að hlusta þegar lengra er komið í aðgerðina, þurfa það mest í upphafi síðan eru þau að hlúa að fólk og veita því stuðning.
- Fengu fólk í skráningu á gula og rauða. Flestar voru þær inná græna svæðinu.
- Gott samstarf við aðhlyningarstjóra þar hana Ester. (Bara einn aðhlyningarstjóri, það var Jónas.)
- Fengu símtal frá Jóhanni sem er í AST, að opna fjöldahjálp í Heppuskóla, höfðu ekki ótakmarkaðan mannskap, máttu ekki endilega missa marga af staðnum til að opna fjöldahjálparstöð. Hefðu ef þetta væri í alvörunni þá gert það en ekki, leystu þetta með þykjustu opnun til að enginn myndi sitja einn í Heppuskóla.
- Síðan var verið að biðja um SSA en ekki FHS.
- Eyrún skráning á rauða svæðinu. Voru ekki með boðun á hættustigi, búið að laga.
- Óskað eftir beddum og kerrum, fann ekki lykilinn, panikkaði fann ekki lykilinn, var vinstra megin í vasanum ekki hægra megin, setja upp lyklabox á kerrunni með lyklinum í.
- Skráningin á gula og rauða gekk þokkalega, mest að gera á rauða svæðinu, vildum ekki vera mikið fyrir.
- 24 sjúklingar inná svæðið og 25 smábarnið sem var ekki skráð, þá réttar tölur.

- Er Heppuskóli hentug fjöldahálpastöð?, heldur en t.d. íþróttahúsið út í Nesjum. Mánagarður FSH á því svæði, hægt að opna á hvorum stað fyrir sig.

### Landspítali, Heilbrigðisfólk sem kom með þyrlu

- Ætluðu að taka með sýklalyf, taka samtali við Sigurð Böðvars, vantar sjúkrabíl og fólk frá HSU, bráðafólk og greiningasveit til að taka við. Elín Freyja ekki að fara að sauma í alla nótt, heldur þyrfti afleysingu.
- Fara ekki heim að vinna 10 klst. í viðbót, flytja alla frá sér, 20 manns. Samþykkja ættingjar það sem eru að fara á Seyðisfjörð.
- Senda allt á Selfoss og Akureyri, taka ekki neinn heim, klára á vettvangi, þurfa allir skoðun, þarf ekki að tala við Sigurð Böðvars.
- Búin að vera í 2 ár í greiningasveitinni.
- Vantaði fulltrúa frá HSU.

### LHG - þyrluáhöfn

- Ánægjulegt fyrir áhöfnina að ná að taka þátt í æfingu en ekki í raunveruleikanum, hafa verið í ótrúlega mörgum alvöru hópslysum í kringum árin.
- Þegar þeir eru að mæta á vettvang, þessi samskipti, eiga þetta samtali hérna inni, aðhlyningarstjórar, þeir með sýnar hugmyndir hvernig þeir sjá þetta, hvernig á að leysa verkefnið, ekki með endalaust pláss né hendur.
- Á vettvangi vill bara að teknir séu rauðir sjúklingar, geta ekki sinnt þeim, geta tekið max 3 liggjandi inná gólf og erfitt að sinna þeim þar.
- Oft koma á vettvang, hvernig þarf að raða inni vélina, taka þetta samtali við vettvang sem er mikilvægast. Skipuleggja þetta saman.
- Æfingin gengið mjög vel og gaman að taka þátt.
- Boðuðu greiningasveitina með þyrlunni, önnur á Selfossi. Búnaður, peysur og lyf, þannig að það má virkja þau, þá er a.m.k. bíll með starfsfólki á leiðinni, erum þreytt eftir daginn, sálægsla og mikilvægi þess endast í starfi.

### Lok æfingar

- Grímur lögreglustjóri með lokaorðin og slítur æfingunni.
- Hans upplifun að fá að vera með, forréttindin að vera með og fylgjast með hvað við erum býsna góð þegar við komum öll saman.
- Vitum eins og í þessu og öllu öðru, fara yfir það sem betur mætti fara.
- Mjög vel heppnað, langar að þakka öllum einingum, æfingastjórn, Elvu og þeim sem voru með henni, hrós á ykkur öll og hrósa öllum og slítur með því að klappa og fær fólk til að klappa fyrir sér sjálfu.

Elva minnir á að klappa fyrir slysavarnadeildinni sérstaklega fyrir matinn, svara rýnikönnun og fara yfir flugslysaáætlunina.

### 3.2 Vettvangsrýni ráðgjafa

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sinn ráðgjafa sér til halds og traust. Ráðgjafar voru staðsettir á öllum stjórnunarpóstum æfingarinnar. SST, AST, VST og hjá verkþáttastjórum. Ráðgjafar skila inn rafrænni rýni að lokinni æfingu og er hún eftirfarandi.

#### Nafn ráðgjafa og hvaðan hann kemur?

Björn Ingi Jónsson      Almannaþingurinn

#### Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar - Fundir og fræðsla?

Vel skipulagðir og ýtarlegir fundir sem ég tel að hafi skilað mikilli og góðri fræðslu til viðbragðsaðila. Það er alltaf ákveðin áskorun að fá fólk til að mæta á fræðsluna en það er annar handleggur.

#### Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar - Fundir og fræðsla?

Náði ekki nægilega tengjast ráðgjafahópnum sem greinilega þekkist mjög vel eftir margar æfinga saman.

#### Hvað gekk vel á æfingunni?

Æfingin í heild gekk mjög vel. fólk var með sitt hlutverk nokkuð vel á hreinu og gekk strax í að vinna þau verk sem áætlun gerir ráð fyrir að unnin séu.

#### Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni?

Fjarskipti voru í einhverjum ólestri til að byrja með og er það að einhverju leiti vegna skorts á meiri þjálfun og notkun fólks á búnaði. Margir talhópar eru alltaf talsvert flækjustig fyrir viðbragðsaðila sem almennt vinna á einum talhóp. Hugsanlega er það löngunin til að vita allt sem í gangi er í ferlinu sem veldur ákveðnu óöryggi þegar henni er skipt niður í fleiri talhópa.

#### Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?

Flott æfing vel uppsett og skipulögð.

#### Nafn ráðgjafa og hvaðan hann kemur?

Áslaug E Yngvadóttir Tulinus      Rauði krossinn

#### Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar - Fundir og fræðsla?

Góð fræðsla á þriðjudeginum og vel skipulagður aðdragandi.

#### Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar - Fundir og fræðsla?

Ekkert

#### Hvað gekk vel á æfingunni?

"Frábært samstarf á græna svæðinu með heilbrigðisstarfsfólki.

Gott samstarf einnig á rauðu og gulu svæðunum við heilbrigðisstarfsfólk & aðhlyningarstjóra.

### **Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni?**

- 1) Hliðið var opið báðum megin sem var ruglandi. MÓT var hægra megin á borðæfingunni og svo vinstra megin í æfingunni sjálfri. Þetta var ruglandi.
- 2) Við vorum ekki með boðun á hættustigi - búið að laga. En hefðum verið mjög sein á vettvang í raunveruleikanum.
- 3) Að við hefðum vitað um lyklinn þegar æfingin hófst að neyðarvarnarkerrunni. Ætlum að setja lyklabox í þessari viku á neyðarvarnarkerruna þannig að lykillinn að henni eigi sitt heimili.
- 4) Á græna svæðinu hefði verið gott að hafa opið á milli.
- 5) Á rauða og gula svæðinu hefði verið gott að kynna þá sem voru að sjá um yfirsýnina á sjúklingum frá RKÍ fyrir greiningarsveitinni. Erum þó óviss með hvort það sé sniðugt að láta RKÍ sjálfboðaliða hafa yfirsýn yfir sjúklinga, en gleðjumst að okkur sé treyst fyrir því.
- 6) Vorum beðin um að opna fjöldahjálparstöð af aðgerðarstjórn sem var skrítið því að öll voru það slösuð að enginn hefði farið þangað. Eðlilegt hefði verið að óska eftir því að söfnunarsvæði aðstandenda yrði opnað. Heiða skerpti á þessum misskilningi við AST og SST.

### **Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?**

Frábær æfing, æðislegt skipulag og gott að læra af þeim og leiðrétta og bæta það sem hægt er. Svo glöð að sjálfboðaliðarnir okkar taka þátt í þessum æfingum, virkilega dýrmætt. Takk!

### **Nafn ráðgjafa og hvaðan hann kemur?**

Andri S. Ásmundsson Lögreglan

### **Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar - Fundir og fræðsla?**

Flottar kynningar/fyrirlestrar á fimmtudeginum.

### **Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar - Fundir og fræðsla?**

Kannski meira af skrifborðsæfingum.

### **Hvað gekk vel á æfingunni?**

Flott vinna hjá öllum. Yfirvegað og greinilegt að mikið var lagt í undirbúning fyrir þessa æfingu. 100%

### **Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni?**

Lítið sem hægt er að setja út á.

### **Nafn ráðgjafa og hvaðan hann kemur?**

Þorlákur Snær Helgason Isavia

### **Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar - Fundir og fræðsla?**

Bókleg slökkvifræðsla gekk vel og menn áhugasamir.

### **Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar - Fundir og fræðsla?**

Spurning að koma XVR simulation inn í skrifborðsæfingarnar?

#### **Hvað gekk vel á æfingunni?**

Heild yfir gekk æfinginn vel, þó það séu nokkur atriði sem þarf að finnúsa.

#### **Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni?**

"Björgunarstjóri þarf að hafa yfirsýn yfir vettvanginn eða senda aðstoðamann til að skoða hvernig vettvangur er. Slökkvibílar voru allt of mikið að færa sig um stað, í staðinn fyrir að koma sé þannig fyrir að þeir geta unni í fleirum en einum vettvangi. Gott er að björgunarstjóri sé einn í vesti en ekki allir varðstjórar slökkviliðs.

Ísavia starfsfólk, þurfa að taka fleiri æfingar á tækin og vera klár á þau.

Þarf að skoða betur hlutverk AFIS manna í óvissu og hættustig (á hann að fara niður og galla sig í eldgalla og fara svo aftur upp í turn o.þ.h.)

### **Nafn ráðgjafa og hvaðan hann kemur?**

Sigrún og Anja Heilbrigðisþjónusta

#### **Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar - Fundir og fræðsla?**

Undirbúningur farinn að flæða vel, gekk eftir áætlun. Góð samskipti við viðbragðsaðila á Höfn.

#### **Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar - Fundir og fræðsla?**

Teljum okkur hafa komið til móts við óskir viðbragðsaðila á staðnum.

#### **Hvað gekk vel á æfingunni?**

"Verkefnið var virkileg áskorun; vettvangur var erfiður og mikið af mikið slösuðum. Hefur sína kosti og galla.

Samskipti milli verkþáttastjóra voru góð.

Aðhlyningarstjóri og aðstoðarmaður voru í heild með yfirsýn.

Verkefnið rúllaði eins og við var að búast, það var á tímabili kaos, en Aðhlyningarstjórar héldu vel ró sinni og höfðu yfirsýn. Voru tímalega farin að gera plön um brottflutning.

Samskipti góð.

Yfirsýn aðhlyningarstjórnenda góð.

Sérfræðipækking rétt nýtt.

Héldu yfirsýn.

#### **Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni?**

Verkefnið var virkileg áskorun; vettvangur var erfiður og mikið af mikið slösuðum. Hefur sína kosti og galla.

Hefði mátt vera skýrari í að skipa undirstjóra á SSS s.s. umsjónarmenn á hvert svæði og hafa ákveðin aðila með yfirsýn yfir sjúklingana.

Áætlun þ.e. skipulag á SSS og móttaka utanaðkomandi aðila hefði mátt vera skýrari; gefa sér meiri tíma í kynna sig þ.e. aðhlyningarstjóri og útskýra skipulagið (áætlun)

Bjargir: sérfræðikunnátta heilbrigðisstarfsfólks var nokkurn vegin vel nýtt þ.e. rétt þekking á réttum stað. Sá búnaður sem var til staðar var notaður og beðið um hluti sem vantaði (á svona æfingu erfitt að fylgjast með hvað að því skilar sér :))

Mikið af mikið slösuðum / etv hefði verið betra að hafa færri og minna álag og þá æfa betur verkstjórnina

Vantaði skýrari undirstjórnendur þ.e. yfirmenn hverra svæða og stjórnanda lækni

Hefði mátt vera fleiri ""börumenn""

Við vorum ósammála fjarskipta-skipulaginu, hefðum frekar viljað hafa það skv. plani þ.e. að verkþáttarstjórar tali saman á VST-8 en ekki nota 8-1 sem er talhópur fyrir björgunarstjóra til að eiga samskipti við sína undirmenn á vettvangi (og skv. okkar skilning ekki talhópur sem VST þarf að vera að hlusta á ).

**Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?**

Flottur vettvangur, góð æfing. Reynslumiklir viðbragðsaðilar.

#### **Nafn ráðgjafa og hvaðan hann kemur?**

Addi Tryggva Isavia

**Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar - Fundir og fræðsla?**

Allt gekk vel.

**Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar - Fundir og fræðsla?**

Ekkert.

**Hvað gekk vel á æfingunni?**

Björgunarstjóri stóð sig vel.

**Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni?**

Hann hefði mátt vera aðeins meira kyrr (halda sér sýnilegum) og senda fólk fyrir sig i verkefni.

**Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?**

Slökkvibíll Isavia er ekki i góðu standi.

#### **Nafn ráðgjafa og hvaðan hann kemur?**

Steingrímur Jónsson Slysavarnafélagið Landsbjörg

### **Hvað gekk vel í aðdraganda/undirbúningi æfingar - Fundir og fræðsla?**

Fundir og skrifborðs æfing gengu vel.

### **Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi/aðdraganda æfingar - Fundir og fræðsla?**

Þetta fór gallalaust fram.

### **Hvað gekk vel á æfingunni?**

Flutningur slasaðra gekk vel miðað við fá flutningstæki og unnið var í lausnum við að lesta þyrlu í það verkefni voru notaðir töskuvagnar flugvallarins.

### **Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni?**

Frá þeim pósti sem ég var á þá get ég lítið sett út á flutningsstjóra nema kannski að hefði það verið hægt þá hefði verið gott fyrir hann að fá annan með sér.

### **Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?**

Bjargir fóru inn á svæðið í gegnum 2 hlið sem var mjög vont fyrir flutningsstjóra. Eins fóru bjargir inn á slysstað án þess að björgunarstjóri taldi vettvang tryggan, en að vísu bað hann um bjargir áður en vettvangur var tryggður.

#### **3.2.1 Umsjón leikara – Rýni meðal leikara eða umsögn ráðgjafa**

Það getur verið áskorun að fá leikara á æfingar og oft fara línur ekki að skýrast fyrr en komið er að æfingu og heildarfjöldi aldrei alveg ljós fyrr en að morgni æfingardags.

Alls tóku 18 lifandi leikarar þátt í æfingunni en síðan voru einnig nokkrar brúður á vettvangi.

Ágætlega var staðið að umönnun þolenda á vettvangi og á söfnunarsvæði slasaðra. Ljóst er að leikræn tilþrif aðila og innlifun í hlutverk var með eindæmum góð á æfingunni sem gerði æfinguna raunverulegri fyrir viðbragðsaðila. Yngsti leikarinn var um 2ja ára ásamt föður sínum og var magnað að fylgjast með hvað sá stutti hélt ró allan tímann.



### 3.3 Rafræn rýni – allir þátttakendur

Rýni fór á alla þátttakendur rafrænt og má sjá niðurstöður hennar hér að neðan. Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á.

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því er tryggt að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem „ekkert“, „hef ekki skoðun“ o.s.frv.
















Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.


#### 3.3.1 Hverjir tóku þátt í rýni

Alls tóku 17 aðilar þátt í rýni, frá flestum viðbragðsaðilum.

1. Hvaða viðbragðsaðila eða einingu í flugslysaáætlun tilheyrir þú?

[More Details](#)

 Neyðarlínan 112	1
 Lögregla	2
 Isavia Flugvallarþjónusta	0
 Isavia Flugturn	0
 Slökkvilið	0
 Sjúkraflutningar	3
 Heilbrigðisþjónusta	3
 Svæðisstjórn björgunarsveita	0
 Björgunarsveit	2
 Slysavarnadeild	1
 Rauði krossinn	1
 Landhelgisgæslan	1
 Rannsóknarnefnd samgönguslysa	0
 Flugrekstrar- og / eða þjónustua...	1
 Other	2



#### 3.3.2 Það sem vel var gert

##### 3.3.2.1 Undirbúningur æfingar

- Hvað gekk vel í undirbúningi æfingar - Fundir og fræðsla?
- Get ekki sett út á neitt. Aðallega mjög þakklát yfir þann mikla fræðsla sem ég/við fengum varðandi slökkvibíl og slökkvistarf.
- "Ég náði bara fyrsta kvöldinu og komst ekki í Nýheima vegna anna en það hefði verið gott að ná því líka"
- Allt gekk vel við undirbúninginn
- Dagskrá æfingar var vel undirbúin.
- Ég mætti ekki þangað.
- Almennt góð fræðsla.
- "Flottir temas fundir
- Á ekki við, tók ekki þátt í undirbúningi.
- Mjög vel og þótti fræðsla og fundir vel skipulagt og fræðandi
- Allt flott
- Ég var gestur svo það er erfitt fyrir mig að vita endilega hvað gekk vel. Mér fannst æfingin á föstudeginum virka vel.

- Mætti á eina undirbúningsæfingu og fannst allt vera skýrt í mínum huga mitt hlutverk á æfingunni
- Hafði ekki tók á að sækja fundi
- Vel
- Undirbúningur og fræðsla var fín. Skrifborðsæfingar frábærar
- Já gekk bara vel.
- Mjög vel.

### 3.3.2.2 *Framkvæmd/úrlausn æfingar*

- Samvinnan gekk mjög vel og flæðið gott
- Ég held að þetta hafi gengið nokkuð vel
- Flest allt
- Heilt yfir gekk allt vel.
- Í mínum huga fannst mér þetta ganga vel - en ég var gestur og er ekki fagmaður í þessu. En dáðist af því hvað mér fannst allt fólkið vinna þetta fumlaust og faglega!
- Heilt yfir gekk æfingin frekar vel.
- "Góð mæting
- Flott að fá greiningarsveitina að sunnan svona inn á æfinguna"
- "Fyrst og fremst var frábært að fá tækifæri til að keyra tvo atburði saman líkt og gert var. Ég myndi segja að það hafi gengið að mestu vel.
- Bráðaflokkun
- Slökkvistarf
- Tryggja ökutæki sem þurftu að bakka
- Samstarf milli eininga/viðbragðsaðila, o.fl.
- Hef engar ábendingar
- Gekk vel og fékk strax hlutverk hvað ætti að gera og það gerði ég alla æfinguna.
- Hafði ekki tók á að sækja fundi
- Flest sbr. rýnifund í lokin.
- Samvinna eins og ávallt.
- "Vettvangur var erfiður en vel gekk samt að bjarga sjúklingum þaðan. Eðlilega tók það tíma.
- Bláu flutningslökin voru snilld, sem er farið að nota í sjúkraflutningum.
- Þokkalega vel, smá ringulreið í SSS sem er kannski alveg eðlilegt miðað við aðstæður.

### 3.3.3 Það sem betur hefði mátt fara

#### 3.3.3.1 *Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar*

- Kannski farið nánar í hlutverkið í turninum.
- Kannski ætti þetta ekki allt að vera dagana fyrri æfingu því það geta ekki allir tekið sér frí í vinnu við fengum líka útkall af fimmtudeginum. En ef þessu væri kannski komið á fleiri daga og þá kannski á kvöldin.
- Ekkert
- N/A
- Veit ekki en svara því þar sem það er \*merkt svar.
- Ég er sátt við undirbúninginn.

- Hefði mátt hafa farið betur í áverkamatsblaðið og skráningu sem fylgir því, m.t.t t.d. hvar á að skrá lyf og vökvagjöf og fl., og fara yfir öftustu síðuna, skráningu áverka.
- Á ekki við, tók ekki þátt í undirbúningi.
- Hef ekkert hér að segja.
- Ekkert sem ég hef út á að setja hvað það varðar. Hefði kannski verið gaman að hafa skrifborðsæfingu í streymi líka - geta fylgst með að heiman.
- Hef engar ábendingar
- Fannst þessi undirbúningsfræðsla sem ég mætti á vera mjög gagnleg og allt skýrt sem kom þar fram.
- Hafði ekki tök á að sækja fundi
- Ekki viss
- Ekki neitt sérstakt sem mér dettur í hug.
- Hefðum mátt vera með í ráðum með ákvörðun á dagsetningu á æfingu.
- Allt nokkuð skýrt.

### 3.3.3.2 *Það sem betur mátti fara á æfingunni*

- Fyrir mig persónulega hefði mátt fara betur hvernig ég rapportaði frá slysstað allra fyrst, en held það sé mikið vegna reynsluleysi að komast einn á þannig slysstað
- Það má alltaf bæta en til þess vorum við þarna til að verða betri
- Nokkur smáatriði sem auðvelt er að laga og kom fram á rýnifundi
- Upplýsingar um fjarskipti við þyrlu, þyrlur LHG hafa ekki Tetra og var bras að koma henni í samband við vettvang.
- Það hefði mátt vera betra flæði frá slysstað á SSS. Þ.e. við vorum oft að bíða svo lengi eftir að bílar kæmu aftur frá SSS eftir að skila af sér sjúklingum, hefðum við verið stödd í raun aðstæðum og verra veðri erum við að tala um meiri ofkælingu en ella vegna þess hversu hægt gekk að ná fólki af slysstað. Spurning hvort hægt sé að hafa eitthvað millistig eins og t.d. Rauðakross tjaldið þar sem hægt er að koma fólki í skjól frá veðri á vindum þótt SSS geti ekki tekið við hraðar.
- "Vera betur merktir heilbrigðisstarfsmenn
- Sáum að við vorum ekki með t.d. á vettvangi sýklalyf "
- Lentum á smá vandræðum með tæknibúnaðinn (Isavia) sem við höfum óskað lagfæringa á.
- "Vera mögulega með SSS/MÓT á slysstað þar sem bið í flutning var mikil.
- Hefði viljað sjá björgunarstjóra, flutningsstjóra, aðhlyningarstjóra e.tc. merka á vestinu með heitinu þeirra því það var stundum erfitt að spotta þá úr crowdinu ef maður sá ekki andlitin, ég mundi ekki strax að þeir væru í ákveðnum lit af vesti og margir á slysstað í vestum.
- Fjarskipti til að kalla í björgunar/aðhlyningar stjóra á slysstað, maður labbaði oftár á milli og þurfti þá að taka sjúkling með sér eða skilja eftir í smá stund með öðrum til að ná sambandi við fólk.
- Athuga með fólk eftir að búíð var að taka bráðaflokkun t.a.m. taka lífsmörk sem kannski beið heillengi eftir flutningi.
- MÓT hefði leyst þetta og bjsv menn hefðu getað tekið m.a fyrstu lífsmörk meðan beðið var eftir flutningi, en fannst það vanta eftir fyrstu tvær ferðirnar á SSS."
- "samskipti og hraðar transport milli slysstaðs inn á SSS. Sjúkrabílar fastir allt of lengi.
- erfitt að koma skilaboðum t.d. um bráðaflokkun – þ.e. að geta ekki notað Tetra til þess, þurfa að ""hlaupa á milli og finna þann sem hélt utan um það""

- Hefði verið betra að dúkkurnar hefðu ekki verið rauðar, þær fengu bara að liggja því þær voru dúkkur, leikarar gulir frekar fluttir fyrst vegna þessa. smá skekkja.. "
- "Það sem snýst að okkar starfi hjá 112 er það sem ég tók mest eftir. Það mætti bæta hvernig óvissu/neyðar/hættustig er kallað til Neyðarlínunnar á flugturnarásinni. Mætti byrja á: Neyðarlína, flugturn á Höfn kallar. Bíða nokkrar sek. og byrja svo að þylja upp upplýsingarnar. Þar að auki mætti sá sem kallar inn á Neyðarlínu tala aðeins hægar og skýrar.
- Það er auðvitað mjög stressandi fyrir starfsmann á flugvellinum að takast á við aðstæðurnar og ég veit að það er hægara sagt en gert að róa sig niður og tala hægar en það mun hjálpa til við að boðin fara alveg örugglega rétt út. Sem og að fjarskiptin hjá okkur nái öllum upplýsingum því við erum að hlusta á svo rosalega margar rásir í einu og oft eru fjarskipti að koma ofan í hver önnur og þá er erfitt að heyra það sem flugturninn segir þegar þau tala hratt og óskýrt."
- Hef ekki reynslu á því hvað mætti gera betur og fannst allt vera skýrt það sem ég þurfti að gera.
- Hafði ekki tök á að sækja fundi.
- Talningar voru ruglingslegar í fyrstu en trúlega æfingarlegs eðlis. Fjarskipti hefðu mátt vera betri en ég man ekki eftir æfingu þar sem fjarskipti voru 100 %. Í raunverulegum hópslysum hafa fjarskipti gengið betur.
- "1) Það gleymdist að ákveða og segja það upphátt, hver væri stjórnandi á SSS (gulu + rauðu).
- 2) Það vantaði að það væri einn sem hefði yfirsýn yfir alla sjúklingana.
- 3) Það skilaði sér ekki nægilega vel rapportið með sjúklingum frá áverkamati og inn á SSS
- 4) Oft fylgdu upplýsingar munnlega og voru ekki skrifaðar á bráðaspjöldin, sem og lyfjagjafir í feltinu.
- 5) Lífsmörk mæld í áverkamati voru ekki skrifuð á spjöldin, né á SSS (því við gátum lesið þau af áverkalýsingunni)
- 6) Hefði þurft fleiri bókka / borð í áverkamatið, það myndaðist teppa.
- 7) Hefði viljað úthluta sjúklingum á starfsfólk, þá væri t.d. einn starfsmaður ábyrgur og með yfirsýn yfir sína 1-2 sjúklinga og meðferð. Það voru svolítið allir í öllu."
- Hefði mátt vera móttaka inni á SSS sem þeir slösuðu gætu verið á og beðið þar eftir áverkamati. Þeir slösuðu biðu lengi á slysstað.

### 3.3.4 Annað sem tekið var fram í rýni

- Takk fyrir skemmtilega og gagnlega æfingu.
- Þetta eru nauðsynlegar æfingar.
- Ég vil bara þakka fyrir að hafa fengið að fylgjast með og taka þannig þátt. Svona æfingar eru gulls ígildi fyrir okkur öll til að efla öryggi, samtarf og þannig viðnámsþrótt samfélagsins.
- Við höfum alltaf gott að æfa okkur til þess að vera betur undirbúin þegar að því kemur að við þurfum á þessum verkferlum að halda.
- Takk fyrir flotta æfingu, sjúklingarnir í sannfærandi gerfum og stóðu sig einstaklega vel .
- Takk fyrir vikuna :)
- Takk fyrir mig, þetta var vel uppsett, góður dagur með góðu fólki.
- Mjög skemmtilegt og fræðandi. Takk fyrir mig.
- Þessar æfingar eru nauðsynlegar og gagnlegar og nýtast viðbragðsaðilum vel m.t.t annara hópslysa.
- Takk fyrir mig"
- "Hefði viljað hafa grænu sjúklingana inni í sama rými og gulu/rauðu til að hafa betri yfirsýn

- Hefði verið gott að áverkameta þar sem grænu voru, þá hefði verið hægt að taka alla inn strax, og ekki teppa flutningstækin á meðan, án þess að eiga á hættu að missa fólk inn á SSS án talningar og áverkamats.
- Dúkkur fá langt um verri þjónustu en alvöru leikarar. Nota ekki dúkkur fyrir SSS sjúklinga.
- Það þarf ekki að vera með svona marga sjúklinga fyrir flugslysæfingu hér, vélarnar eru bara 20 manna max. Það væri betri æfing að vera með 15-17 lifandi sjúklinga, bara leikara, og svo nokkra svarta sem geta verið dúkkur, og leysa þá æfingu vel."
- Svona æfingar eru alveg frábærar og nauðsynlegar fyrir okkur. Takk fyrir mig!

#### 3.3.4.1 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn um gagnsemi æfingarinnar er 9,35 af 10.



## 4 Helstu lærdómsatriði og umbótataækifæri

Heildarmynd æfingar og samræming gekk vel, ávallt er hægt að vinna betur að einstökum atriðum og er ekki síður mikilvægt að styrkja það sem vel er gert heldur en að bæta úr því sem betur má fara.

### 4.1 Styrkur

- Samheldni og samvinna, reynslumiklir viðbragðsaðilar.
- Lausnamiðuð og óhrædd við að taka ákvarðanir.
- Vilji til þátttöku og mæting á fræðslu og æfingar.
- Gæslustjóri skimaði yfir vettvang til að átta sig á hvar þurfti að setja upp pósta.
- Metnaður slökkviliðs að læra á nýjan bíl og fara svo beint í æfingu.
- Hringakstur við flugstöð, settar upp keilur.
- Gott samstarf aðhlyningarstjóra og aðstoðaraðila og tímanlega gerð plön um brottflutning.
- Góður undirbúningur og fræðsla fyrir æfingu.
- Góð bláu flutningslökin sem sjúkrabílinn var með.

### 4.2 Umbótataækifæri

Umbótataækifæri	Eigandi
Bæta aðstöðu í Aðgerðastjórn	Aðgerðastjórn
Aðgerðastjórn kynni sér vel hlutverk FHS og SSA og mun þar á, þegar óskað er eftir björgum hjá RKÍ	Aðgerðastjórn
Aðgerðagrunnur, samræma stofnun aðgerða, ekki margar aðgerðir	Aðgerðastjórn / Vettvangsstjórn
Flytja græna fljótt af SSS	Aðgerðastjórn
Vera með umsjónarmenn á hverju svæði á SSS, gulu, rauðu, grænu	Aðhlyningarstjóri
Flöskuháls í áverkamati – þolendur að bíða f. utan og á vettvangi, teppir flutningstæki, skoða endurskoðun á verklagi	Aðhlyningarstjóri / Flutningastjóri
Afhending þolenda úr áverkamati og yfir á SSS – vanda rapport og skráning um lyfjagjafir og annað þarf að skrá á spjöldin ekki bara gera munnlega	Aðhlyningarstjóri / Heilbrigðisstarfsfólk
Fara yfir hlutverk starfsmanns Ernis í flugslysum og mikilvægi farþegalista, að hann komist áfram í kerfinu. Mikilvægt að hægt sé að ná í viðkomandi á flugvellingum og viðkomandi leiðbeini en fari ekki í hliðgæslu.	Flugrekstraraðili / Ernir flugfélag
Vera meðvituð um talningu, bara þeir sem koma inn á SSS	Gæslustjóri / Aðhlyningarstjóri
Samtal og yfirfærsla milli aðhlyningarstjóra og þylusveitar, afhending þolenda og upplýsingagjöf sem þarf að fylgja	Heilbrigðisfólk / Viðbragðsaðilar / Aðhlyningarstjóri
Merkingar heilbrigðisstarfsfólks – vera betur merkt	Heilbrigðisstarfsfólk
Endurskoða hlutverk AFIS aðila í turni – m.t.t. að fara í galla og turn	Isavia
Fleiri verklegar æfingar hjá flugvallarþjónustu	Isavia
Yfirfara slökkvibíl Isavia	Isavia
Uppkall á Neyðarlínu úr flugturni – Verklag, kalla og fá svar, síðan melda inn aðstæður, tala skýrt og fá staðfesta móttöku	Isavia
Skoða hvort sé ástæða til að fjölga búkkum í áverkamati	Isavia

Skoða uppsetningu, vont að hafa græna á öðru svæði, tapa yfirsýn. Mætti nota græna svæðið sem áverkamat.	Isavia / Heilbrigðisþjónusta
Samæfingar hjá slökkviliði og flugvallarstarfsmönnum	Isavia / Slökkvilið
Meðferð áhafnar	Lögregla
Farþegalisti – Lögregla óskar eftir honum og þarf að koma honum áfram á Aðgerðastjórn. Gott að hafa í huga að farþegar eru skráðir á nafnalista en áhöfn er bara fjöldi.	Lögregla
Setja upp lyklabox fyrir RKÍ kerruna	Rauði krossinn
Tryggja öryggi á slysstað – skipa aðila sem fylgist með því og upplýsir björgunarstjóra	Slökkvilið
Aðeins einn sé í einkennisvesti Björgunarstjóra	Slökkvilið
Fjarskipti slökkviliðs – vera á sömu rásum og slysið, björgunarstjóri missti yfirsýn því þeir voru á eigin spjallrásum	Slökkvilið / Björgunarstjóri
Björgunarstjóri staðsetji sig til að taka á móti björgum og fái annan aðila til að fara yfir vettvang sem upplýsir síðan björgunarstjóra	Slökkvilið / Björgunarstjóri
Muna eftir viðbúnaðarkerru Isavia (teppi, sjúkrabúnaður og annað í kerru)	Viðbragðsaðilar
SST og SST b – allir uppfæri sínar Tetrastöðvar til að nýta fleiri talhópa inn til SST samkvæmt fjarskiptaskipulagi	Viðbragðsaðilar
Fara vel yfir og æfa fjarskiptaskipulag, Vettvangsstjórn og verkþáttastjórar séu á VST 8, en björgunarstjóri og undir aðilar á 8-1	Viðbragðsaðilar / Aðgerðastjórn
Tvö hlið opin inná flugbraut sem flækir flæði bjarga og yfirsýn flutningastjóra. Bjargir eiga að nota MÓT og fara ekki inn á vettvang fyrr en vettvangur er tryggur.	Viðbragðsaðilar / Flutningastjóri
Merkingar verkþáttastjóra	Viðbragðsaðilar / Lögregla
Væri hægt að nýta XVR í skrifborðsæfingar	Æfingastjórn
Viðbragðsaðilar séu með í ákvarðanatöku um dagsetningu æfingar	Æfingastjórn
Meiri fræðsla um áverkamatið	Æfingastjórn

## 5 Myndir frá æfingunni

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá æfingunni en fleiri myndir má nálgast á Facebook síðunni „Flugslysaæfingar“.





